

LÖG

um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1992, nr. 2/1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölul. 4. gr. laganna orðast svo: Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 16.000 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

14. desember 1992

Nr. 102

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 11. desember 1992 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Aftast í kafla um námsbraut í hjúkrunarfræði (X. kafla, lið C.) bætist ný grein, 82. gr. a., sem orðist svo:

Nú er fjöldi stúdenta, sem stenst próf í lok haustmisseris 1. námsárs meiri en svo að veita megi þeim öllum framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, og getur háskólaráð þá eftir rökstuddum tillögum námsbrautar í hjúkrunarfræði takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem prófin eru haldin. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur prófa í lok haustmisseris 1. námsárs.

2. gr.

87. gr. orðist svo:

Nám til embættisprófs í lögfræði skiptist í fjóra hluta. Kennslu skal hagað þannig, að stúdent geti lokið hverjum af fyrstu þremur hlutum námsins á einu háskólaári, en fjórða hluta á tveimur háskólaárum. Stúdent er óheimilt að hefja nám í öðrum, þriðja eða fjórða hluta fyrr en hann hefur staðist próf í öllum greinum næsta hluta á undan.